

Ed.

429. Nefndarálit

[170. mál]

um frv. til stjórnarskipunarlaga um breyting á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, 17. júní 1944.

Frá minni hl. allsherjarnefndar.

Í frv. er gert ráð fyrir, að kosningarrétt til Alþingis skuli þeir hafa, sem eru 20 ára eða eldri. Breytingin er lækkun kosningaaldurs um eitt einasta ár, og minna getur það ekki verið, ef breytt skal til á annað borð. Síðustu ár hafa farið fram umræður um þetta efni, en ekki minnst ég tillagna um eins árs lækkun. Hins vegar hafa margir tjáð sig því hlynnta, að menn öðlist kosningarrétt 18 ára gamlir, og hafa heilir hópar ákveðið að beita sér fyrir því.

Þannig hefur Æskulýðsfylkingin lýst þeirri stefnu sinni, að lækka beri kosningaaldurinn niður í 18 ár. Samband ungra jafnaðarmanna hefur síðan 1960 haft það á stefnuskrá sinni, að menn fái kosningarrétt 18 ára, og jafnvel Samband ungra sjálfstæðismanna mælir með athugun á lækkun kosningaaldurs um þrjú ár. Loks er þess að geta, að heilum stjórnsmálaflokki, Alþýðuflokknum, ber skylda til að beita sér fyrir því, að kosningaaldurinn verði lækkaður í 18 ár, samkvæmt samþykkt, er gerð var á þingi hans 1963.

Málið virðist eiga vaxandi fylgi að fagna. Það er mikið fyrirtæki að breyta stjórnarskránni, og því var sérstök nefnd sett á laggirnar, skipuð fulltrúum allra

flokka á þingi. Í fyllingu tímans tók nefndin jóðsótt og fæddi mús. Einu ári skal lækun kosningaaldursins nema, en ekki þrem. Þetta á víst að heita málamíðlun, og þó felur það í sér raunverulegan sigur þeirra, sem andvígir eru rýmkuð kosningar-
réttarins. Samþykkt frumvarpsins mun hefta frekari aðgerðir og tefja fyrir því um mörg ókomin ár, að markinu verði náð, 18 ára kosningaaldri.

Í greinargerð nefndarinnar er þess getið, að víðs vegar um heim gildi þegar reglan um 18 ára kosningaaldur og að fram sé komin á löggjafarþingi Bandarík-
anna tillaga þess efnis, að kosningaaldur við forsetakjör skuli lækkaður í 18 ár. Einnig er þar sagt frá viðtökum umræðum á Norðurlöndum um lækun kosninga-
aldurs, en þar er nú miðað við ýmist 20 eða 21 árs aldur. Vitneskjan um þessar hræringar gat þó ekki örvað nefndina til dáða. Það mátti engan veginn stíga skrefið til fulls og vera spönn á undan grannþjóðunum, enda við vanastir því að vera eftirbátur annarra.

Enginn mun halda því fram, að ungmenni 18 og 19 ára skorti vit til þess að skilja og meta stjórnsmál. Það er talið, að maðurinn nái greindarhámarki um tvítugt, og má þá ráða af líkum, að óviti er hann enginn á 19. eða 20. árinu. Þekking ungra manna og ábyrgðartilfinning fer hins vegar mjög eftir uppfærðslu og upp-
eldi, og þar eru vissulega miklir annmarkar á, svo gersamlega sem stjórnsmálalegt uppeldi er vanrækt hér á landi. En illrar afleiðingar þeirrar vanrækslu gætir jafnt í öllum aldursflokkum og sízt meira hjá ungum en gömlum.

Í álitgerð nefndarinnar segir svo á einum stað: „Er réttmætt að gera ráð fyrir því, að það mundi stuðla að aukinni ábyrgðartilfinningu og auknum þroska, ef hið unga fólk fengi rétt til þeirrar hlutdeildar um þjóðmál, sem kosningarréttur til alþingiskosninga og annarra almennra kosninga veitir.“ Þetta eru athyglisverð um-
mæli, sem ég tek undir. Látum ungt fólk finna til ábyrgðar, og það mun ekki bregðast traustinu frekar en þeir, sem eldri eru.

Það er ekki aðeins hugsanlegt, heldur og sennilegt, að lækun kosningaaldurs í 18 ár mundi smám saman hafa heillavænleg áhrif á gang stjórnsmála, og er þess sízt vanþörf í landi, þar sem menn telja sér til gildis að hafa ekki vit eða áhuga á þjóðmálum. Í því efni er stefnubreyting æskileg, og er visast, að sú breyting fáiast ekki án vaxandi áhrifa ungra manna.

Æskufólk er fjötrað of lengi, og á það viðar við en á stjórnsmálasviðinu. Skóla-
ganga er alltaf að lengjast og undirbúningsárum að fjölga, Fyrir þá sök fækkar dýrmætustu árum starfsævinnar, — þeim árum, þegar helzt er afreka að vænta. Þetta kemur greinilegast í ljós hjá langskólamönnum, og hefur því t. d. verið veitt eftirtekt í V.-Þýskalandi, að hlutfallstala afreksmanna á sviði vísinda lækkar sam-
tímis fjölgun náms- og undirbúningsára. Það er því ekki ólíklegt, að á komandi árum gæti vaxandi tilhneigingar til þess að auka olnbogarými ungra manna og gefa þeim fyrr frjálsar hendur en nú, jafnt í stjórnsmálum sem á öðrum sviðum þjóð-
lífsins.

Í greinargerð nefndarinnar er sýnt fram á, hvernig hundraðshluti þess fólks, sem gengur í hjónaband innan 20 ára aldurs, fer hækkandi hér á landi á síðari árum. Með hjónavígslunni fær þetta kornunga fólk mikilsverð réttindi og skyldur, — og hvers vegna þá ekki einnig réttinn til að kjósa til Alþingis?

Hér á landi, eins og víðar, fer meðalaldur kosningabærra manna hækkandi, vegna þess að fjölgun gamalmenna er hlutfallslega meiri en annarra aldursflokka. Við það breytist smám saman áhrifaástanda aldursflokka hinum yngri í óhag, en af því mun þjóðfélaginu mjög vafasamur hagnaður. Sem mótvægi í þessari þróun gagnar ekkert minna en niðurfærsla kosningaaldursins í 18 ár.

Fleira má til tína slíkri lækun til stuðnings, og er á sumt drepið í áðurnefndri greinargerð, en skal ekki rakið hér. Það sést, þegar á allt er litið, að margt mælir með þessari lækun, en fátt á móti. Helzta röksemdin gegn lækuninni, ónógur þroski 18 og 19 ára manna, er hrein hábilja, svo sem áður hefur verið bent á.

Allsherjarnefnd varð ekki á eitt sátt um aldurslækkunina. Meiri hlutinn heldur

fast við eitt ár, en minni hlutinn mælir með því, að menn öðlist kosningarrétt 18 ára, enda virðist sú viðmiðun hafa legið í loftinu allengi. Stjórnarskrárbreyting er fyrirhafnarsöm og sjaldan gerð, og því ber að varast það, sem vitanlega er ekki annað en hálfkák. Ef eins árs lækkun er hugsuð sem áfangi, þá hefði verið nær lagi að breyta stjórnarskránni þannig, að síðar mætti lækka aldurinn frekar með einföldum lögum. Þetta er ekki gert, heldur er 20 ára aldursmarkið stjórnarskrárbundið, og er það vafalaust í hag þeim aðilum, sem tregðast við auknum lýðrættindum ungs fólks.

Minni hluti allsherjarnefndar flytur á sérstöku þingskjali breytingartillögu við 1. gr. frumvarpsins á þá leið, að í stað orðanna „20 ára eða eldri“ komi: 18 ára eða eldri. Að tveim breytingum öðrum, sem nefndin mælir með, stendur hún hins vegar óskipt.

Alþingi, 10. apríl 1967.

Alfreð Gíslason.